



Staða og áskoranir Háskóla Íslands

Rúnar Vilhjálmsson, prófessor og
forseti Vísindafélags Íslands

Erindi flutt á málþingi Félags prófessora við ríkisháskóla og Vísindafélags Íslands undir heitinu „Háskóli á tímamótum – Staða og áskoranir Háskóla Íslands“, 29. apríl 2025.

Íslenska háskólakerfið

Opinberir háskólar

- Háskóli Íslands
- Háskólinn á Akureyri
- Hólaskóli
- Landbúnaðarháskóli Íslands

Einkareknir háskólar

- Háskólinn á Bifröst
- Háskólinn í Reykjavík
- Listaháskóli Íslands

Helstu einkenni:

- Margir háskólar miðað við íbúafjölda.
- Mikill stærðar- og eðlismunur á skólum.
- Ekki gerður greinarmunur í háskólalögum á tegundum háskóla.
- Innbyrðis samkeppni um fjölda nemenda.
- Almennur fjárskortur, en ólík fjárhagsstaða.
- Einkaskólar með opinbera fjárveitingu, en takmarkaða opinbera aðkomu.



Lykilstaða Háskóla Íslands

- HÍ er undirstöðustofnun innan háskólakerfisins á Íslandi.
- HÍ er eini almenni rannsóknarháskólinn í landinu (með helstu akademísku háskólagreinarnar).
- Skyldur HÍ við íslenskt samfélag eru því ríkari en annarra háskóla.
- 69% (13.701/19.772) háskólanemanda á Íslandi stunduðu nám í HÍ haustið 2023*.
- 80% (79/99) nemenda sem luku doktorsnámi á Íslandi árið 2023 komu frá HÍ*.
- 69% (621/904) lektora/dósentu/prófessora á háskólastiginu störfuðu við HÍ 2022-2023*.
- Tæplega 2/3 af föstum fjárveitingum háskólanna renna til Háskóla Íslands.

*Hagstofa Íslands (2024). HÍ í tölum (2024).



Staða HÍ miðað við skandinavíska háskóla – „University rankings“

QS World University Rankings 2024:

Háskólinn í Lundi, Svíþjóð: 85

Hásk. í Kaupmannahöfn: 107

Aalto háskóli, Finnlandi: 113

Háskólinn í Osló: 117

HÍ: 547

THE World University Rankings 2025:

Háskólinn í Lundi, Svíþjóð: 95

Hásk. í Kaupmannahöfn: 97

Háskólinn í Helsinki: 107

Háskólinn í Osló: 116

HÍ: 501-600

Engir íslenskir háskólar aðrir en HÍ komast á blað á matslistunum.



Ástæður lakari stöðu HÍ samanborið við rannsóknarháskóla annarra Norðurlanda:

1. Lægri fjárveiting á hvern nemanda (föst fjárveiting og ytri fjármögnun).
2. Hærra nemenda/kennara hlutfall.
3. Lægra hlutfall doktorsnema og nýdoktora.
4. Lægra hlutfall erlendra nemenda og kennara.
5. Lægri tilvitnanatíðni í birtar rannsóknir.
6. Lægri virðingarstaða (huglægt virðingarmat).

Mikilvægt er að hafa í huga að **lág föst fjármögnun háskóla** bitnar á möguleikum til ytri fjármögnunar, hækkar nemenda/kennarahlutfall og dregur úr svigrúmi til mikilvægra rannsókna.

Í **THE University rankings** kemur HÍ lang best út í sambandi við tengsl við atvinnulíf, en lakast út þegar kemur að aðstæðum og innviðum kennslu og rannsókna.



Fjöldi starfsmanna við HÍ (stöðugildi)

	1993	2016	2023
Akademískir (lekt., dós., próf)	353 ¹	507	534
		+5,3%	
Stjórnsýsla	66 ¹	341	456
		+33,7%	

Akademískir starfsmenn HÍ 2023 (fjöldi):

Prófessorar: 337 (53%)
Dósentar: 132 (21%)
Lektorar: 166 (26%)
Samtals: 635 (100%)

Stundakennarar: 3.421

- Ör hlutfallsleg fjölgun stjórnsýslufólks í HÍ gefur til kynna stjórnsýsluvæðingu í skólanum.
- Hlutfall prófessora er jafnframt óeðlilega hátt (53%). Algengt hlutfall í BNA er um 25%. Í lokuðum stöðukerfum háskóla er hlutfallið mun lægra, eða 15-20%. Í Skandinavíu er hálf-lokað ráðningarkerfi og algengt hlutfall prófessora er 20-25%.

¹Tölur árið 1993 miðast við fjölda starfsmanna, en ekki stöðugildi.
Heimild: HÍ í tölum (2024)



Nemenda/kennara hlutföll

(miðað við stöðugildi nemenda og kennara)

Allir bandarískir opinberir háskólar: 14:1

Allir bandarískir einkaháskólar: 10:1

Yale háskóli: 6:1

Harvard háskóli: 7:1

MIT: 3:1

Oxford háskóli: 3:1

Háskóli Íslands: **16:1**

Heimildir: Open Education Database (2024). Heimasíður viðkomandi háskóla.



Styrkir til doktorsnema

Rannsóknarsjóður HÍ/Eimskipasjóður

- 2018: 39 (28,8%)
- 2019: 30 (20%)
- 2020: 33 (20,2%)
- 2021: 37 (24,8%)
- 2022: 37 (25,3%)
- 2023: 27 (18,8%)

Rannís

- 2018: 15 (20,5%)
- 2019: 15 (23,8%)
- 2020: 23 (25,3%)
- 2021: 18 (17,6%)
- 2022: 23 (19,6%)
- 2023: 22 (20,8%)

Heimild: Svava Dögg Jónsdóttir og Valgerður Þ. Pálmadóttir: Starfsaðstaða doktorsnema og nýdoktora.
Erindi á málþingi Fedon, 1. mars 2024.



Nýdكتورastyrkir

- Nýdكتورastyrkir nýliðunarsjóðs HÍ:

2013: 12 (17,9%)

2014: 9 (12,2%)

2015: 15 (14,8 %)

2019: 10 (10,1 %)

2020: 8 (8,4%)

2021: 7 (7%)

2022: 7 (8%)

2023: 5 (6%)

- Nýdكتورastyrkir Rannís

2019 (rannsóknastöðustyrkir): 12 (17,1)

2020 (rannsóknastöðustyrkir): 11 (15,8%)

2021: 17 styrkir 75 umsóknir (22,7)

2022: 10 styrkir 51 umsóknir (19,6)

2023: 10 styrkir 50 umsóknir (20%)

2024: 11 styrkir 59 umsóknir (18,6%)



Heimild: Svava Dögg Jónsdóttir og Valgerður Þ. Pálmadóttir: Starfsaðstaða doktorsnema og nýdكتورa.
Erindi á málþingi Fedon, 1. mars 2024.



Fjárhagur HÍ

Um tekjur HÍ

Framlag til HÍ á fjárlögum 2024 var 24,4 miljarðar.

Framlagið til HÍ nam 64% af heildarframlagi ríkisins til háskólanna.


Evrópustyrkir (nýjir og útistandandi) skiluðu háskólanum samtals 1 miljarði árið 2023 og 653 miljónum árið 2024.

Nýjir Evrópustyrkir HÍ eru u.þ.b. 9-10 á ári og hefur fjöldinn lítið breyst á undanförnum árum.

Rannís styrkir til HÍ námu samtals 2,8 miljörðum árið 2023 og 2,4 miljörðum árið 2024.




Þróun fjárveitinga og heildartekna HÍ pr. ársnema (verðlag 2024)



Heimild: Guðmundur R. Jónsson (2024)



Heildartekjur pr. ársverk stúdenta eftir háskólum (Evrur, PPP-leiðrétt)



Heimild: Guðmundur R. Jónsson (2024)




Hvað vantar upp á fjárveitingar HÍ (tölur frá 2021)

	Mismunur (\$)	Fjöldi ársnema	Viðmið	Upphæð (\$)	Upphæð ISK (milljarðar)
OECD - Ísland	3.480	9.000	HÍ	31.320.000	4,2
OECD - Ísland	3.480	13.500	Háskólastigið	45.240.000	6,1
Norðurl.meðaltal – Ísland	8.300	9.000	HÍ	74.729.250	10,1
Norðurl.meðaltal – Ísland	8.300	13.500	Háskólastigið	107.942.250	14,6

Heimild: Guðmundur R. Jónsson (2024)




Fjöldi birtinga HÍ í Scopus-gagnagrunninum



Heimild: Baldvin M. Zariroh (2024)




Hlutfallsleg fjölgun greina í Scopus (2014=100)



Heimild: Upplýsingafundur rektors Háskóla Íslands, 20. febrúar 2025.



Normaður áhrifastuðull (impact factor) (viktaður eftir fræðasviðum)



Heimild: Upplýsingafundur rektors Háskóla Íslands, 20. febrúar 2025.



Stjórnkerfi, jafningjastjórnun og háskólasamfélag

Núverandi stjórnkerfi Háskólans var komið á haustið 2008. Það hefur nokkra annmarka og ágalla sem ekki hafa verið endurskoðaðir. Nefna má fernt, þótt af fleiru sé að taka:

1. **Sviðsforsetar** sækja **ekki** umboð sitt til háskóladeildanna eins og deildarforsetar, heldur til rektors sem ræður þá sjálfur. Í reglum HÍ (13. grein) er sviðsforseti sagður akademískur leiðtogi gagnvart deildunum. Samt eru deildir háskólans akademískar grunneiningar skólans, deildarforsetarnir akademískir leiðtogar, en sviðin eru almennar þjónustu- og rekstrareiningar. Hér er hugsunin óskýr og vinnur gegn akademískri jafningjastjórnun háskólans.
2. **Sviðin**, sem ættu fyrst og fremst að vera þjónustueiningar gagnvart deildunum, hafa smátt og smátt fengið aukna ábyrgð gagnvart kjarnastarfsemi skólans, þótt það séu deildirnar sem eigi að bera ábyrðina sem grunneiningar. Þessu veldur m.a. smæð margra háskóladeilda. Hér erum við komin nálægt því að ganga á svig við sjálf háskólalögin.
3. **Sviðs- og háskólaþingin** hafa ekki orðið sá vettvangur akademískrar umræðu og gagnrýni sem að var stefnt. Fundunum er stjórnað af rektor og sviðsforsetum og einkennast æ meir af kynningarstarfsemi af hálfu stjórnenda. Aðskilja þarf skipulag og stjórnun fundanna frá rekstrarlegum stjórnendum og auka akademískt vægi og sjálfstæði fundanna.
4. **Rektor** er á sama tíma akademískur forystumaður og rekstrarlegur yfir-framkvæmdastjóri háskólans. Hann er jafnframt formaður háskólaráðs og leggur á báðum stöðum upp mál til afgreiðslu. Þetta fyrirkomulag gerir ráðinu ókleift að sinna eftirliti og aðhaldi gangvart rektorsembættinu, en því tengjast 14 starfsmenn stjórnsýslu, auk rektors og tveggja aðstoðarrektora.



Lokaorð

- Verulega þarf að bæta fjárhagslega umgjörð og innviði með **auknum föstum fjárveitingum** ríkisins til kennslu- og rannsóknastarfs við Háskóla Íslands.
- Laun og starfsaðstaða akademískra starfsmanna við Háskóla Íslands þarf að vera samkeppnishæf í innlendu og alþjóðlegu samhengi.
- Hin fjárhagslega umgjörð er forsenda frekari sóknar Háskóla Íslands í erlenda samkeppnissjóði.
- Í samskiptum við stjórnvöld þurfa yfirvöld Háskóla Íslands að sýna frumkvæði, einhug og festu, byggt á akademískum forsendum.
- Tempra þarf stjórnsýsluvæðingu Háskóla Íslands og beina uppbyggingu stjórnsýslunnar meira að nærstuðningi við kjarnastarfsemi skólans, sem er kennsla og rannsóknir.
- Gera þarf auknar og skýrari kröfur til framgangs í prófessorsstarf við Háskóla Íslands. Hæfniskröfur sem erlendis eru gerðar til dósenta eiga ekki að duga til prófessorsstarfs við skólann.
- Stjórnkerfi háskólans þarf að endurskoða til að efla jafningastjórnun, akademíska umræðu og samfélag í háskólanum. Sú endurskoðun þarf m.a. að taka til ráðningar sviðsforseta og til skipulags háskóla- og sviðsþinga.

